



Til hamingju, Frakkland! Frakkar eru heimsmeistarar í knattspyrnu, í annað sinn í sögunni. Umfjöllun um leikinn og gullkynslóð franska landsliðsins á síðum 2, 8 og 12. NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki hægt að velta sektum út í verðlagið

Gera má ráð fyrir að kostnaður upp á hundruð milljóna lendi á bílaleigum verði ný umferðarlög samþykkt óbreytt. Ekki tekið tillit til athugasemda SAF um málið. Framkvæmdastjóranum finnst óeðlilegt að bílaleigur beri ábyrgð á hraðakstri viðskiptavina sinna.

SAMGÖNGUR Bílaleigur geta ekki velt hraðasektum á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar út í verðlagið komi til þess að ný umferðarlög verði samþykkt óbreytt. Þetta segir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Breytt fyrirkomulag innheimtu hraðasekta úr öryggismyndavélum gæti kostað bílaleigur hundruð milljóna.

Í upphafi árs voru lögð fram drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga. Þar er gert ráð fyrir að eigandi ökutækis muni bera hlutlæga ábyrgð

á hraðasektum sem stofnast við brot sem hraðamyndavélar mynda. Ábyrgðin er takmörkuð við að ekki stofnist punktar í ökuferilsskrá öku-manns.

Uppfærð útgáfa frumvarpsdraganna var birt fyrir helgi og hefur þar verið tekið tillit til ýmissa athugasemda hagsmunaaðila. Hlutlæga ábyrgðin er ekki þar á meðal.

„Okkar áhyggjur stafa fyrst og fremst af því að það er bílaleigunum erfitt, nær ómögulegt, að innheimta sektina hjá þeim brotlega. Menn



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

halda stundum að bílaleigur geti rúkað sektina eftir á af korti leigutaka en kortaskilmálar gera það að verkum að sá getur hafnað henni,” segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

„Við teljum óeðlilegt að bíla-

leigur séu gerðar ábyrgar fyrir hegðun sinna kúnna og sitji uppi með kostnað sem þær hafa ekki möguleika á að innheimta,” segir Jóhannes.

Í Fréttablaðinu í nóvember 2017 var sagt frá því að um 20-25 prósent hraðasekta hér á landi innheimtust ekki. Langstærstan hluta þess má rekja til erlendra ferðamanna. Í svari dómismálaráðherra við fyrirspurn Miðflokksmannsins Birgis Þórarinssonar kom fram að úti-standandi sektir í febrúarlök þessa

árs námu rúmum 633 milljónum, þar af stofnuðust rúmar 200 milljónir árið 2017. Sektir vegna umferðarbrota hækkuðu svo 1. maí.

„Það má gera ráð fyrir að talan muni hækka. Verði þetta óbreytt að lögum mun þetta hafa mjög íþyngjandi áhrif á rekstur bílaleiga,” segir Jóhannes. „Við erum eitt dýrasta ferðamannaland í heimi vegna gengis- og launaþróunar. Bílaleigur geta ekki, ekki frekar en annar rekstur, endalaust velt hækkunum út í verðlagið. Sá tími er liðinn.“ – jõe

Taumlaus gleði í París

HM 2018 „Þeir klifra upp á bíla, hoppa á bílþökum og kasta kinnverjum undir bíla bara af einskærri gleði,” segir Friðrika Benónýsdóttir rithöfundur.

Friðrika var í París í gær þegar Frakkar unnu Króata í úrslitaleik HM. Hún segir allt hafa ætlað um köll að keyra í borginni. Fréttablaðið náði tali af Friðriku klukkan 23 að staðartíma. Hún sagðist ekki eiga von á því að fagnaðarlátum linnu á kristilegum tíma. „Ó, nei, það verður illa mætt í vinnu hér í fyrramálið er ég hrædd um.“

– að / sjá síðu 2

Friðrika Benónýs, rithöfundur



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um hið örlagalega árið 1918. **11**

SPORT Ólafía Þórunn náði sér ekki á strik á lokahringnum. **18**

TÍMAMÓT Tíu ár eru liðin frá því að Benedikt Hjartarson varð fyrstur Íslendinga til að synda yfir Ermarundid. Ferðin tók rétt rúmar sextán klukkustundir. **14**

LÍFID Léttgeggjaður Bandaríkjamáður elskar Færeyjar og er nú staddur á G! Festival. Hann ræðir þráhyggju sína fyrir eyjunni fögru. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

NÚ BYRJAR FJÖRÐ AFTUR

CHRISTINE PIERCE DOMINIC COLIN ANDY LEE AMANDA BRAKAW BICHMAN COOPER FISH SASKIA JAMES SETFRED

STELLAN JULIE SÁBÓARD WALTERS CHER AND STEEP

MAMMA MIA!
HERE WE GO AGAIN

FRUMSÝND Á MIDVIKUDAGINN

HAGKAUP


HLAUGHTU
ÞAÐ BORGAR SIG

Skemmtiskokk eða maraþon?
Það skiptir ekki máli.
Vertu með.

rmi.is

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Veður



Í dag léttir smám saman til á sunnanverðu landinu og vestan til síðdegis. **SJÁ SÍÐU 16**



Hjólreiðamenn munu hafa val um göngu- eða hjólastíg. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

Miklar breytingar á reiðhjólakafli

SAMGÖNGUR Bannað verður að leggja bílum á hjólastígum og lágmarks hliðarbil við akstur fram úr reiðhjóli skal var 1,5 metrar. Þetta er meðal breytinga sem orðið hafa á frumvarpsdrögum til nýrra umferðarlaga í samráðsferli þess.

Frumvarpsdrögin voru lögð fram til kynningar í upphafi þessa árs og gafst almenningi kostur á að gera athugasemdir við það. Yfir fimmtíu athugasemdir bárust. Ný drög, þar sem tekið hefur verið tillit til ýmissa athugasemda, voru lögð fram í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í gær. Hægt verður að gera athugasemdir við þau til 10. ágúst.

Einna stærstum breytingum tók sá kafli sem tekur til reiðhjóla. Bætt var inn ákvæði um að nægilega hægt skuli aka þegar ökutæki nálgast reiðhjól á eða við veg. Þá var einnig felld út fortakslaus skylda reiðhjólamanns til að hjóla á hjólastíg þegar göngustígur er við hlið hans. Var það gert með þeim rökum að á slíkum stígum sé hraði oft mikill og það henti ekki öllum hjólreiðamönnum. Því hafa þeir val um að hjóla á hjóla- eða göngustíg. Þá verður gangandi heimilt að nota hjólastíg sé enginn göngustígur eða gangstétt til staðar.

Texta draganna um ökunám var breytt til muna eftir athugasemdir frá Ökukennarafélaginu og ökukennaranemum. Þá var ákvæði um heimild sveitarfélaga til gjaldtöku af notkun nagladekkja felld úr drögnum. – **jóe**

Frakkar á Íslandi í þrumustuði



Þessir hressu Frakkar voru í skýjunum með sína menn sem urðu heimsmeistarar í knattspyrnu í gær, líkt og frægt er orðið. Mikil fagnaðarlæti brutust út meðal Frakka sem voru samankomnir á Ingólfstorgi að horfa á leikinn, en Króatarnir á torginu sátu eftir með sárt ennið. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**



Það sem vegfarendur héldu að væri manneskja reyndist vera flík á floti. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Flík á floti olli fjaðrafoki

ÚTKALL Slökkviliðinu barst tilkynning á frá glöggum vegfaranda á sjötta tímanum í gærkvöldi að manneskja hefði dottið í höfnina við Bryggjuhverfi í Grafarvogi.

Þegar fulltrúar slökkviliðsins komu á staðinn með bát í eftirdragi kom í ljós að hin meinta manneskja var einfaldlega flík sem flaut í sjónum. Samkvæmt slökkviliðinu var um að ræða nokkurs konar flottgalla sem dottið hafði, eða fokið í sjóinn og yfirgáfu því björgunarmenn höfnina skömmu síðar. – **bps**

Sennilegast illa mætt til vinnu í París í dag

Parísarbúar fögnuðu sigri á HM fram eftir nóttu. Friðrika Benónýsdóttir rithöfundur hreifst með í gleðinni og spáir lélegri mætingu á vinnustaði borgarinnar í dag. Hún segir dásamlegt að fá að upplifa gleðina með Frökkum í sigurvímu.

HM 2018 „Það er allt vitlaust hér um allar götur,“ segir Friðrika Benónýsdóttir sem stödd var í París í gær og upplifði fagnaðarlæti Parísarbúa eftir sigur Frakka á Króötum í úrslitaleik Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu.

„Ég er uppi í fjórtánda hverfi en ekki niðri í miðbæ þar sem allt er vitlaust. En hér er allt gjörsamlega geðbilað og búið að vera svo sem, síðan þremur klukkutímum fyrir leikinn.“

Fréttablaðið náði tali af Friðriku klukkan 23 að staðartíma og segist hún aðspurð ekki eiga von á því að fagnaðarlátum linnu á kristilegum tíma. „Ó, nei. Það verður illa mætt í vinnu hér í fyrramálið er ég hrædd um,“ segir hún hlæjandi.

Friðrika segir gleðina hafa farið þrúðmannlega fram, enn sem komið væri. „En eftir að þeir unnu undanúrslitaleikinn um daginn þurfti lögreglan að spreypja þá með táragsi. Þeir klifra upp á bíla, hoppa á bílpökum og kasta kinnverjum undir bíla bara af einskærri gleði. Þannig að það getur meira en verið að það þurfi að spreypja þá aftur.“

Sjálf vonaðist Friðrika til þess að Englendingar kæmust upp úr undanúrslitum enda eigi hún breskan tengdason. „Svo hef ég sjálf alltaf haldið með Ítölum þannig að ég ætlaði ekki einu sinni að horfa á keppnina. En svo er bara ekki annað hægt en að smitast af þessari fótbolttamanu sem hér ríkir og það er bara dásamlegt að fá að upplifa þessa gleði.“

Friðrika var í fjórtánda hverfi borgarinnar, líkt og áður segir, þegar fagnaðarlætin eftir leikinn



Það er allt „geðbilað“ í París segir Friðrika um stemninguna. **NORDICPHOTOS/GETTY**

En eftir að þeir unnu undanúrslitaleikinn um daginn þurfti lögreglan að spreypja þá með táragsi. Þeir klifra upp á bíla, hoppa á bílpökum og kasta kinnverjum undir bíla bara af einskærri gleði. Þannig að það getur meira en verið að það þurfi að spreypja þá aftur.

Friðrika Benónýsdóttir, rithöfundur



brutust út. Hún segir einfaldlega dásamlegt að sjá fólk á öllum aldri gleðjast saman. „Allt frá þriggja mánaða upp í 95 ára fagna saman og allir brostu eyrnanna á milli.“

Mikill fjöldi fólks horfði á leikina á börum og kaffihúsum sem sýndu leiki á stórum útskjáum víðs vegar um borgina. Að sögn Friðriku var alls staðar troðfullt út úr dyrum og mörg hundruð manns sem ekki fengu sæti stóðu í röðum við hvert einasta kaffihús.

Aðspurð um uppáhaldsleikmann Frakka segist Friðrika sjá fólk í fótbolttreyjum með nöfnum ýmissa leikmanna. Í hennar hverfi búi þó mikið af svörtu fólki og það fari ekki fram hjá neinum hve heitt þeir elska hinn nítján ára gamla Kylian Mbappe. **adalheidur@frettabladid.is**

ÖLL BRAUÐ Á
25%
AFSLÆTTI
ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

50% rafdrifinn*

ISLENSKASÍÐLAUSTOV 99006 0718



Yaris – verð frá: 2.380.000 kr.

Yaris Hybrid – verð frá: 2.830.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Bandaríkjaforseti hefur ekki miklar væntingar til fundarins við Pútín

FINNLAND Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, lenti í Helsinki í gær, þar sem hann heldur á fund Vladimir Pútín Rússlandsforseta sem fram fer í dag.

Í viðtali við CBS-fréttastofuna í gær sagðist Bandaríkjaforseti ekki búast við miklu af fundi leiðtoganna tveggja. „Ég hef ekki miklar væntingar.“ Trump lofaði þó að „ekkert slæmt“ myndi koma út úr fundinum.

» **Mótmælendur streymdu út á götur Helsinki í gær til að mótmæla fundinum.**



Vladimir Pútín, Rússlandsforseti

Mótmælendur streymdu út á götur höfuðborgar Finnlands í gær til að mótmæla fundinum. Fordæmdu þeir meðal annars ritskodun fjölmiðla og sögðu leiðtogana tvo brjóta gegn mannréttindum.

Þá sagðist Bandaríkjaforseti ætla að ræða ákæru gegn tólf rússneskum embættismönnum við Rússlandsforseta. Rússarnir tólf voru handteknir á dögunum í tengslum við rannsókn sérstaks saksóknara í Bandaríkjunum á afskiptum Rússa af forsetakosningum í Bandaríkjunum árið 2016.

Trump hefur, líkt og áður hefur komið fram, setið undir ásökunum um að hafa þegið aðstoð Rússa í

aðdraganda forsetakosninganna.

Fjórir fyrrverandi starfsmenn Trumps hafa verið handteknir í tengslum við rannsóknina, og hafa þrír þeirra játað sök.

Trump segir að líklegast verði niðurstaðan af fundinum helst samkomulag milli ríkjanna tveggja um að útrýma kjarnavopnum í þeirra eigu. Hann segir kjarnavopn „stærsta vandamálið í heiminum“.

– ósk

Þarf að greiða gjöld af Cruiser

SKATTAR Yfirskattanevnd (YSKN) staðfesti úrskurð Ríkisskattstjóra um að ekki skuli fella niður bifreiðagjöld af gömlum Toyota Land Cruiser. Deilt var um aldur bifreiðarinnar.

Í lögum er kveðið á um að ekki skuli greiða bifreiðagjöld af bifreiðum 25 ára eða eldri. Eigandi bifreiðarinnar sagði að hún væri árgærd 1993 en þá var hún fyrst skráð á götuna. Í bókum Samgöngustofu var hún hins vegar skráð árgærd 1994.

YSKN taldi ekki forsendur til annars en að byggja á skráningu Samgöngustofu. Kröfu um niðurfellingu gjaldsins var því hafnað. – jóe



Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Skynjari reið baggamuninn

BRUNI Reykskynjari og snarræði fólks á vettvangi varð til þess að ekki fór illa þegar eldur kom upp í sumarhúsi á Suðurlandi í fyrrinótt.

Lögreglu barst tilkynning um eldinn um klukkan fimm aðfaranótt sunnudags. Fjórir voru í húsinu og höfðu þeir komist út af sjálfsdáðum þegar slökkvilið bar að garði. Reykskynjari í bústaðnum gerði fólkinu viðvart um að eldur logaði þar og komst það undan vegna þess.

Í tilkynningu frá Brunavörnum Árnassýslu segir að greiðlega hafi gengið að slökkva eldinn en talsvert tjón hafi orðið vegna brunans. Eldsupptök liggja ekki fyrir en rannsókn á þeim er í höndum lögreglunnar.

– jóe

Fékk skilorð vegna tafa við rannsókn máls hjá lögreglu

Maður fékk 15 mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir stórfellda kannabisræktun. Tveir játuðu brotið í upphafi og útilokuðu aðild hins. Annar dró játningu sína til baka og var sýknaður.

DÓMSMÁL Maður sem sakfelldur var í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. júlí fyrir kannabisræktun í Hafnarfirði fékk skilorðsbundinn dóm, meðal annars vegna þess hve langur tími leið frá upphafi rannsóknar þar til ákært var í málinu.

Rannsókn málsins hófst í byrjun apríl 2014. Tveir voru grunaðir um aðild að málinu, Jan Andrzej Morsztyn og Kristján Haukur Einarsson. Þeir játuðu báðir í skýrslutöku hjá lögreglu 3. apríl. Kristján sagðist hafa staðið einn að ræktuninni og að Jan hefði ekki vitað af henni. Jan sagðist hins vegar, í skýrslutöku sama dag, sjálfur hafa staðið einn að ræktuninni og sagði Kristján ekkert hafa vitað um hana.

Premur árum síðar, eða 24. apríl 2017, mætti Kristján aftur til skýrslugjafar hjá lögreglu og sagði að tveimur dögum áður en kannabisræktunin var upprætt hefði Jan sýnt honum ræktunina og spurt hvort hann væri tilbúinn til að taka hana á sig ef lögregla kæmi til með að uppgötva hana. Hefði Jan lofað honum peningagreiðslu fyrir að taka á sig sök. Þótt samningar um fjárhæðina hefðu ekki tekist þegar lögreglan upprætti ræktunina, hefði Kristján tekið á sig sökina eins og þeir hefðu samið um.

Hálft ári síðar, í nóvember 2017, var ákæra gefin út á hendur þeim báðum.



Yfir tíu kíló af marjúana voru gerð upptæk auk ýmiss konar búnaðar til ræktunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við aðalmeðferð málsins játaði Jan að hafa beðið Kristján að taka á sig sök í málinu og hefði hann ætlað að greiða honum fyrir það. Bar Kristján því við að hafa verið í mikilli neyslu á þeim tíma sem hann var beðinn að taka á sig sökina og á leiðinni í fangelsi hvort eð er.

Fram kemur í dóminum að Kristján var dæmdur í sextán mánaða fangelsi nokkrum dögum áður en ræktunin var upprætt. Sagðist Kristján hafa rætt málið við saksóknara sem hafði málið til meðferðar hjá lögreglu og sagði málið þá hafa verið

sent aftur til rannsóknar. Ekki hefði hins vegar verið rætt við hann aftur um málið.

Að mati dómsins eru frásagnir þeirra Jans og Kristjáns ótrúverðugar um að Kristján hafi ranglega játað á sig sök í öndverðu. Hins vegar skuli reisa á þeim sönnunargögnum sem lögð eru fyrir dóm og enginn sem gaf skýrslu fyrir dómi hafi borið að Kristján hafi komið að ræktuninni og ekkert annað sé handfast um sekt hans í málinu annað en játning hans hjá lögreglu sem hann dró síðar til baka bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Þrátt

fyrir það sem dragi úr trúverðuleika þess að Kristján hafi í raun og veru ranglega tekið sök í málinu, verði ekki litið svo á að sök hans hafi verið sönnuð þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa. Var Kristján því sýknaður af ákærunni.

Jan var því einn sakfelldur í málinu og við ákvörðun refsingar var tekið mið af hreinu sakavottorði hans, játningu og því að ákæra var ekki gefin út í málinu fyrr en í nóvember 2017, meira en hálft fjórða ári eftir að málið kom upp, í apríl 2014.

adalheidur@frettabladid.is

Hörkustöff frá náttúrunni. Í flösku.

Gefur þér kraft til að færa fjöll. Ég á við... pínulítil fjöll.



Þessi smoothie innihalda C-vítamín sem á sinn hátt í að draga úr þreytu og magngleysi. Að neyta þeirra er hluti af heilbrigðum lífsstíl og hollu og fjölbreyttu mataræði.

innocent



Áfram stelpur!

Takk fyrir frábært Síamót.
Sjáumst á næsta ári!



2,5 milljónir hóflegt endurgjald

DÓMSMÁL Einstaklingur þarf að greiða lögmanni 2,5 milljónir vegna tæplega 97 klukkustunda vinnu sem sá síðarnefndi innti af hendi við rekstur dómsmáls fyrir hann í héraði og Hæstarétti. Fyrir hafði einstaklingurinn greitt 2,5 milljónir vegna málsins.

Agreiningur um það hvort reikningurinn fæli í sér hóflegt endurgjald var lagður fyrir úrskurðarnefnd lögmannna. Um tvö aðskilin mál, sem voru flutt samhliða í héraði og Hæstarétti árin 2015 og 2017, var að ræða. Fólkið tapaði máluðum í héraði en þau unnust í Hæstarétti og voru samtals tvær milljónir dæmdar í málskostnað.

Málskostnaðurinn kom til frádráttar eftirstöðvunum en þær námu 2,5 milljónum en nokkur afsláttur hafði verið gefinn frá taxa lögmannsins. Alls fóru 306 vinnustundir í undirbúning málsins af hálfu lögmannsins. Nefndin féllst á það að tímafjöldinn hefði verið í hæsta lagi en þó réttlætanagerlegur með tilliti til umfangs málanna. Milljónirnar 2,5 þóttu því hæfilegt endurgjald vegna málsins. –jóe



Staðinn að verki. NORDICPHOTOS/GETTY

Innbrotspjófur reyndist íkorni

BRETLAND Lögregla var kölluð til í Harrow-hverfi í London aðfaranótt laugardags eftir að íbúi þar tilkynnti um innbrot í íbúð sína. Laganna verðir gripu þrjátíu glóðvolgan en hann var annars lags en þeir áttu von á.

Þegar lögreglu bar að garði blasti við þeim íkorni í stofunni. Sá hafði laumað sér inn um opinn glugga og lét öllum illum látum í íbúðinni. Þegar loks tókst að hafa hendur í hári hans var íkornanum hleypt út í náttúruna á nýjan leik.

„Íbúinn var mjög órólegur og stressaður enda hafði konan heyrt brothljóð og umrót í stofu sinni. Var það ástæða þess að hún hringdi í neyðarlínuna,“ segir talsmaður lögreglunnar í Vestur-London. Hún bætti því við að ekki væri búist við að brot íkornans kæmi til með að hafa einhverjar afleiðingar fyrir hann. –jóe



Ingólfur Ásgeirsson hjá Icelandic Wildlife Fund hvetur veitingamenn til að bjóða upp á fisk sem er veiddur í sátt við náttúruna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Veitingahús á móti sjókvíaeldi

Nokkur veitingahús í Reykjavík sniðganga lax úr sjókvíaeldi og taka þátt í baráttu gegn slíkri framleiðslu. Hrefna Sætran, kokkur og veitingahúsa eigandi, segir viðskiptavinum sínum spá í hvaðan fiskurinn kemur.

UMHVERFI „Við erum bara að höfða til veitingamanna og hvetja þá til að leita annarra leiða en að kaupa fisk úr sjókvíaeldi og bjóða upp á fisk sem er veiddur á sjálfbærar hátt úr landeldi sem rekið er í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru,“ segir Ingólfur Ásgeirsson, stofnandi umhverfissjóðsins Icelandic Wildlife Fund.

Sjóðurinn framleiðir límmiða til að auðkenna veitingahús sem styðja vistvæna framleiðslu og bjóða ekki upp á fisk sem framleiddur er í sjókvíaeldi. Á límmiðunum sem sjá má við inngang nokkurra veitingahúsa í Reykjavík, stendur: „Við bjóðum aðeins lax úr sjálfbæru landeldi.“

Hann nefnir nokkur veitingahús sem þegar hafa fengið límmiða en mörg önnur séu að skipta um birgja. Þá hafi matvöruverslanir einnig lýst áhuga.

„Að okkar dómi er um að ræða stærsta umhverfismál á Íslandi í dag,“ segir Ingólfur. Hann segir markmið sjóðsins fyrst og fremst vera að vekja athygli almennings á þeim hættum sem opið sjókvíaeldi valdi náttúru og umhverfi landsins, fyrir lífríki fjaraðanna, botndýr, rækju og þorsk

og að öll sú mengun sem fari óheft frá eldinu sturtist bara beint í hafid. Ingólfur segir villta laxinn deyjandi tegund um heim allan. „Ísland er síðasta vígi villta laxins í heiminum. Ef þessi barátta tapast hér þá er bara úti um þessa dýrategund.“

Ingólfur Ásgeirsson, stofnandi Icelandic Wildlife Fund

og að öll sú mengun sem fari óheft frá eldinu sturtist bara beint í hafid.

Ingólfur segir villta laxinn deyjandi tegund um heim allan. „Ísland er síðasta vígi villta laxins í heiminum. Ef þessi barátta tapast hér þá er bara úti um þessa dýrategund. Það var lax í mörgum löndum á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum en þetta er bara allt horfið. Ef þetta sjókvíaeldi fær að ganga fram mun það sama gerast hér og annars staðar. Ef villti laxastofninn hér blandast einhverjum norskum eldislaxi sem er framandi í íslenskri náttúru þá er skaðinn óafturkræfur,“ segir Ingólfur.

„Það er mikið spurt hvernig lax



Veitingahús með límmiða:

Apótekið
Fiskmarkaðurinn
Grái kötturinn
Grillmarkaðurinn
Messinn

Sumac
Sushi Social
Sæta svinið
Tapasbarinn

við erum með. Fólk er að spá í þetta,“ segir Hrefna Sætran sem rekur Grillmarkaðinn og Fiskmarkaðinn. Miðar frá Icelandic Wildlife Fund eru komnir í glugga beggja veitingahúsanna.

Hún segir of snemmt að spyrja um áhrif límmiðanna enda nýkomnir upp en hún segir fólk verða mjög fegið og ánægt að heyra hver uppruni laxins á matseölinum sé. adalheidur@frettabladid.is

Persónuvernd of fáliðuð til að takast á við breytingarnar

PERSÓNUPERND Það má búast við að einhverjir hnökror verði í byrjun, þannig hefur það verið annars staðar í Evrópu,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, um gildistöku nýrra persónuverndarlaga í gær.

Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir hina nýju löggjöf hjá flestum fyrirtækjum landsins, sveitarfélögum og stofnunum ríkisins og það á eftir að koma í ljós hve vel stofnanir og fyrirtæki verða undirbúin þegar einstaklingar fara að herja á um réttindi sín.

Helga segir algera sprengru hafa orðið í kvörtunum hjá Persónuverndarstofnunum víða um Evrópu eftir gildistöku laga þar og dæmi séu um að yfir þúsund mál hafi borist á



Ný persónuverndarlög tóku gildi í gær á fimmtugsafmælisdegi Helgu Þórisdóttur, forstjóra Persónuverndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég þyrfti helst að fá fimm nýja lögfræðinga strax á morgun.“

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar

fyrstu vikum eftir gildistöku laganna, bæði í Danmörku og Írlandi. Í Frakklandi hafi aukningin verið 50 prósent samanborið við árið á undan.

Helga segir að þótt Persónuvernd hafi verið eflað til muna og starfsfólki fjölgað úr sjö í tólf dugi það engan veginn. „Ég þyrfti helst að fá fimm nýja lögfræðinga strax á morgun til að takast á við þennan gríðarlega verkefnahala sem fyrir er auk

allra þessara nýju verkefna,“ segir Helga og nefnir nýjar eftirlitsskyldur stofnunarinnar, þrengri tímafrest og aukid erlent samstarf sem kemur til vegna nýrra kæruleiða þvert á landamæri.

Helga segir að skoða þurfi hvort og hvernig megi klára málalalann, mögulega með lagasetningu. Í Svíþjóð hafi stofnunin til dæmis heimild til að vísa málum frá ef úrskurður liggur fyrir í sambærilegu máli. Þá hafi Samkeppniseftirlitið heimild til að forgangsræða málum og taka ekki öll mál fyrir. „Það gefur augaleið að með mjög takmarkaðan fjölda starfsmanna að fást við 750 mál og svo kemur kannski sprengru af nýjum málum, þá verður að bregðast við því.“ –aa



Sheer
Driving Pleasure



RAFBÍLL ÞARF EKKI AÐ LÍTA HVERSDAGSLEGA ÚT.



BMW i3 ER ENGINN VENJULEGUR RAFBÍLL. BMW i3 ER FYRSTI FJÖLDAFRAMLEIDDI BÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ YFIRBYGGINGU ÚR HÁSTYRKTUM KOLTREFJUM OG EINI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM MEÐ VOTTAD 100% HREINT FRAMLEIÐSLUFERLI.

BMW i3. VERÐ FRÁ: 4.490.000 KR.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA
OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Frakkar fara með bikarinn heim



1



2

1. Tilfinningarnar báru Didier Deschamps, þjálfara franska liðsins, ofurliði að leik loknum.
MYNDIR: NORDICPHOTOS/GETTY

2. Oliver Giroud og liðsfélagar hans hlaupa um völlinn með franska fánann eftir að sigurinn var í höfn.

3. Fjórir meðlimir Pussy Riot hlupu inn á völlinn í lögreglubúningum. Með gjörningnum vildu þær mótmæla lögregluþeldi.

4. Vladímír Pútín Rússlandsforseti klappar bikarinn, meðan forseti FIFA horfir á.


5. Fyrirliði króatíska landsliðsins, Luka Modric, faðmar forseta Króatíu, Kolinda Grabar-Kitarovic, innilega að leik loknum.



3



4



5

Sírius
85
ára



Finnur þú Gullna miðann?

Í tilefni af 85 ára afmæli Sírius höfum við falið fimm Gullna miða með gómsæta Nóa Sírius rjómasúkkulaðinu. Gullni miðinn gæti því leynst með uppáhalds súkkulaðinu þínu og þú gætir unnið **100.000 kr. ferðavinning frá Icelandair**.

Sírius súkkulaði, svo gott í 85 ár.

ICELANDAIR 


NOI SÍRIUS

Ráðherra er ekki við



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er almenn vitneskja að stjórnálmenn starfa í umboði þjóðarinnar en sjálfir eru þeir furðu gjarnir á að gleyma því, og alveg sérstaklega fái þeir titilinn ráðherra. Oft líður ekki langur tími frá því að þeir hafa tekið við lykklum að ráðuneyti sínu þar til þeir fara að haga sér eins og þeir lifi og starfi í sérhönnuðum einkaheimi þar sem ekki er gert ráð fyrir að rétt sé við fólkið í landinu.

Ráðherrar lesa óteljandi skjöl og skýrslur og ráðfæra sig við ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og hóp aðstoðarmanna. Þannig lokast þeir inni í ráðuneytum. Aðferð þeirra til að halda tengslum við fólkið í landinu er að mæta í fjölmiðlaviðtöl og koma pólitískum boðskap sínum til þjóðarinnar og gefa um leið mynd af sjálfum sér. Sú mynd er ekki alltaf aðlaðandi því of algengt er að ráðherrar tali af yfirlæti. Stundum má jafnvel greina ákveðinn þreytutón í raddblænum, eins og verið sé að koma því til skila að málið sem til umræðu er sé miklu flóknara en svo að einfaldur almenningur fái skilið það. Því miður ber á því að ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafi þennan háttinn á og má þar nefna fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra.


Það er ekkert aðlaðandi við stjórnálmenn sem hjúpar sig hroka. Ráðherrar njóta forréttinda, fyrir það eiga þeir að vera þakklátir og auðmjúkir. Þeir eiga ekki að verða svo háðir lúxusnum sem þeir njóta að þeir fjarlægist fólkið í landinu og hafi hvorki áhuga né skilning á kjörum þess. Vafalaust eru ráðherrar önnur kafnir flesta daga, eins og annað vinnandi fólk í þessu landi, en þeir ættu samt að gefa sér tíma til að hitta hinn almenna borgara. Það er ekki nóg að koma sér upp mannlegri og hlýlegri hlið rétt fyrir kosningar, hana þarf að sýna oftar, sé hún á annað borð til.

Það er afar erfitt fyrir hinn almenna borgara að fá fund með ráðherrum og öðrum ráðamönnum. Borgarstjóri auglýsir að vísu slíka fundi en það er engu líkara en þeir séu einungis til málamynda. Sá sem óskar eftir fundi þarf að fylla út eyðublað með nákvæmri lýsingu á erindi sínu, sem síðan fer í hendur aðstoðarmanna sem líkast til eru fljótir að gleyma því í kerfinu þyki þeim það lykta af vandræðagangi og óþægindum. Það er örugglega enn erfiðara fyrir almenning í landinu að ná fundi ráðherra á skrifstofu hans. Slíkir fundir bjóða vissulega upp á að einhverjir leiðindapésar læði sér inn og röfli í ráðherra, en það kostar einungis stundar óþægindi. Þarna myndi ráðherrann einnig hitta fólk sem gæti sagt honum frá heimi sem er allt annars konar en forréttindaheimurinn. Þar borga einstaklingar okurleigu í hverjum mánuði og eiga vart fyrir mat seinni part mánaðar. Vissulega óþægilegar staðreyndir sem freistandi er að víkja frá sér. Ráðherrar verða samt að vita af þeim. Þeir einstaklingar sem láta sig hag fólk engu skipta eiga ekki erindi í stjórnálm.



Þarna myndi ráðherrann einnig hitta fólk sem gæti sagt honum frá heimi sem er allt annars konar en forréttindaheimurinn.

Halldór



Frá degi til dags

Gleðilegt afmæli

Ný persónuverndarlög, oft kennd við GDPR, tóku gildi hér á landi í gær. Margir hafa orðið varir við áhrif þeirra á veraldarvefnum enda keppast heimasíður nú um að minna fólk á „smákökur“ sem þær nota til að vaktu notkun. Sama dag og lögin tóku gildi átti forstjóri Persónuverndar, Helga Þórisdóttir, afmæli. Gera má ráð fyrir því að lögin muni hafa umtalsverð áhrif á hana og hennar stofnun en Persónuvernd er langt frá því að hafa nægilegan mannafla til að takast á við breytingarnar. Til hamingju með daginn, Helga.

Ferskur blær

Fréttir af því að brotið hafi verið á Ástráði Haraldssyni, nú héraðsdómara, við ráðningu í störf eða skipun í embætti hafa verið tíðar undanfarin ár. Fyrst var það Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sem braut gegn honum við skipun dómara í Landsrétt og fyrir helgi var sagt frá því að Reykjavíkurborg hefði brotið jafnréttislög þegar Ebba Schram var gerð að borgarlögmanni fram yfir hann. Ástráður endaði í Héraðsdómi Reykjavíkur og fagna allir áhugamenn um niðurstöðukafla dóma því en dómur Ástráðs eru oft því marki brenndir að vera margfalt skemmtilegri aflestrar en aðrir dómur. joli@frettabladid.is

Ný löggjöf tekur gildi



Helga Þórisdóttir
forstjóri Persónuverndar

Í gær, sunnudaginn 15. júlí, tók gildi hér á landi ný löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018. Með lögunum er ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga veitt lagagildi hér. Lögin marka tímamót í sögu persónuréttinda í Evrópu, þar sem stjórn persónuupplýsinga er færð í auknum mæli til eigenda þeirra, þ.e. okkar einstaklinganna. Við munum því hvert og eitt fá aukinn ákvæðunarrétt yfir því hverjir vinna persónuupplýsingar um okkur, hvenær og í hvaða tilgangi. Markmiðið er að fyrirtæki, stjórnvöld, sveitarfélög og allir þeir sem vinna persónuupplýsingar, geti sýnt fram á að þeir fylgi settum reglum. Oheimilt er að miðla, samkeyra, geyma eða vinna með persónugreinanlegar upplýsingar, nema hafa til þess heimild, t.d. samþykki, samning eða lagaheimild. Þröngar undantekningar gilda hér.

Hvers vegna þurfti nýja persónuverndarlöggjöf?

Þær tæknilegu framfarir sem átt hafa sér stað undanfarin hafa gjörbreytt lífi okkar og daglegri hegðun. Nettengd snjalltæki gera okkur kleift að tengjast hvert öðru og sækja upplýsingar hvenær sem er sólarhringsins auk þeirra þæginda að fjarstýra tækjum á heimilum og annars staðar. Heilbrigðisþjónusta stendur í auknum mæli til boða á netinu og sama á við um kennslu í skólustofum. Með tilkomu gríðargagna (e. big data) og þeirri úrvinnslu sem gervigreind, algrím og sjálfvirk ákvarðanatataka véla bjóða upp á, er orðið mögulegt að kortleggja allt líf einstaklinga – allar ferðir okkar, athafnir og gjörðir – á öllum þeim sviðum þar sem tækni er notuð. Þessi staða hefur leitt til gríðarlegs ójafnvægis og hefur gert einstaklinga berskjaldaða fyrir valdi þeirra sem búa yfir persónuupplýsingum.

Án persónuupplýsinga og gagna er ekkert hagkerfi og verðmætustu fyrirtæki heims í dag eru orðin gagnafyrirtæki. Með persónuupplýsingar er hins vegar hægt að misfara, eins og dæmin sanna. Þess vegna þurfum við sterka löggjöf sem tryggir stjórnarskrávarinn rétt til friðhelgi einkalífs og persónuverndar.



Með persónuupplýsingar er hins vegar hægt að misfara, eins og dæmin sanna.

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir

Árið 1918

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

augum og munnnum dúkkunnar lak blóð. Spænska veikin hafði þau áhrif á fórnarlömb sín að blóð rann úr öllum opum líkamans.

Stemningin í landinu

Mörg hundruð manns létu lífið í viðureigninni við spænsku veikina á haustmánuðum 1918, ekki síst ungt fólk. Í öðru verkefni í ár, á öðrum vettvangi, hefur einnig verið fjallað um árið 1918. Það var samstarfsverkefni Listahátíðar, Landsbókasafnsins og Ríkisútvarpsins og hét R1918. Þar lásu alls konar núlifandi Íslendingar stutt brott, eitt á dag, úr bréfum og öðrum rituðum heimildum frá þessu ári. Þetta var spilað í hádeginu núna fram í júní. Þeir lestrar gáfu frábært innlit í tíðarandann fyrir hundrað árum. Allnokkrum sinnum ber það á góma hvað kirkjuklukkurnar klingdu nánast stanslaust. Það var eiginlega alltaf verið að jarða í Dómkirkjunni.

Aðrar heimildir lýsa því hvernig fólk á sveitabæjum víðs vegar um land reyndi að koma í veg fyrir heimsóknir. Ötinn við sýkingu gróf um sig. Fólk á ferðum milli landshluta var ekki velkomið á bæjum. Því var bægt frá. Þannig var árið 1918. Og í undanfara þessara hörmuna var semsagt frostaveturinn mikli, á fyrri hluta ársins, og svo gos í Kötlu, sem er ekkert smáræði. Já, og eitt stykki heimsstyrjöld hafði líka geisað í nokkur ár.

Í skóla dóttur minnar áttu nemendurnir að gera verkefni fyrir á árinu um árið 1918. Við foreldrnir fórum að sjálfsögðu á sýninguna, þar sem hettupeysuklæddir unglíngarnir sýndu afrakstur vinnu sinnar. Það kom skemmtilega á óvart hve mikil natni einkenndi verkefni. Einhvern veginn heldur maður sífelld að unglíngar séu í ruglinu, sem þeir eru auðvitað ekki. Maður sjálfur er í ruglinu að halda að unglíngar séu í ruglinu. Þetta var ferlega flott sýning.

Þegar ég gekk á milli verkanna og las kennaratyggjofastar ritgerðir nemendanna á veggjunum og skoðaði það sem þeir höfðu búið til – líkan af Kötlu og hvaðeina – rann upp fyrir mér ljós. Ég varð fyrir töluverðum hughrifum og þau voru þessi: Hvílikt rosalegt hörmungarár var þetta ár 1918. Það var ekki eitt, það var allt. Kötlugos, frostaveturinn mikli, spænska veikin. Verk dóttur minnar og hennar hóps var dúkka, sem þau föndruðu, sem lá í rúmi. Verkið fjallaði um einkenni spænsku veikinnar. Úr eyrum, nefi,



Fullveldi í harðræði

Í miðju harðræðinu hlaut Ísland fullveldi. Því fögnum við í ár. Núna á miðvikudaginn verður haldinn hátíðarþingfundur Alþingis á Þingvöllum af þessu tilefni. Ég get ekki að því gert, en mér finnst það á einhvern hátt svo ótrúlega viðeigandi að íslenska fullveldið skyldi vera gróðursett við svona svakalega erfiðar aðstæður. Er ekki allt gert hér við erfiðar aðstæður, í stöðugri viðureign við harðræðið? Maður sér fyrir sér 1. desember 1918. Eftir ræðu Sigurðar Eggertz er íslenski ríkisfáninn dreginn að hún yfir stjórnarráðsdyrunum. „Hátíðin

var stutt en góð,“ segir í lýsingu sjónarvotts. Maður sér fyrir sér fölt fólk, bugað af ógn sóttarinnar og dauðsföllum nákominna, standa við stjórnarráðið á þessum merku tímamótum og fagna í þögn. „Þetta var þó betra en ekkert,“ segir heimildarmaður, „enda gaf guð svo fagurt veður að minnilegt mun verða“. Hann sér björtu hliðarnar. Aðrar heimildir segja að það hafi verið hrímkalt.

Þrjú lærdómar


„Þetta er merkisdagur mikill í sögu landsins, ef hún fær að verða lengri,“ heldur sjónarvottur áfram.

Þetta er athyglisvert orðalag. Eftir allar þessar hörmungar var þetta líklega nærtæk og áleitinn spurning: Verður saga landsins lengri?

Hún varð lengri. Hún verður vonandi miklu lengri. Hvers eignum við að minnast í ár? Um hvað ætti hátíðarfundur á Þingvöllum í tilefni fullveldisins að fjalla og öll önnur hátíðarhöld í tilefni af hundrað ára afmæli fullveldisins? Ég legg til þetta:

Minnumst þess hvað samfélagið hefur þróast og batnað rosalega síðan árið 1918, hvað framþróunin hefur þrátt fyrir allt verið mikil. Fögnum því. Minnumst þó líka hins, að þrátt fyrir að hörmungar ársins 1918 virðist á þessari stundu fjarlægjar þá geta þær allar átt sér stað aftur með engum fyrirvara, jafnvel allar á sama árinu eins og þá: Eldgos, banvæn farsótt, frostavetur og heimsstyrjöld. Heimurinn er þannig samur við sig.

Þriðji lærdómurinn er því líklega mikilvægastur. Sama hvernig allt fer, gleymum ekki að njóta lífsins og fagna hverjum nýjum degi, líkt og væri hann sá síðasti. Fallegasti vitnisburður heimildanna eru skrifin sem greina einmitt frá því hvernig Íslendingar gerðu sér samt glaðan dag undir stöðugum óm líkkluðum. Franz Hákansson leigði lðnó undir dansleiki og veislur, kvöldin hjá séra Friðriki voru smekktfull og dansskemmtanir frú Stefaníu Guðmundsdóttur voru vel sóttar. Í erfiðleikumunum dó ekki gleðin. Myrkríð sigraði ekki.



Lager á hafnarsvæðinu 3.650 m² á Holtavegi 10

Lager með bjartri skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Hægt er að hafa allt að þrjár innkeyrsluhurðir en Reitir munu laga rýmið að þörfum leigutaka. Lofthæð er 4,50 m undir plötu en 3,83 m undir bita. Skrifstofurýmið er með góðum gluggum til norðurs og möguleiki er á snyrtilegri móttöku fyrir viðskiptavinum.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



Stjarna dagsins á HM 2018

Antoine Griezmann, framherji Frakklands, átti stóran hlut í þremur mörkum liðsins í sigrinum á Króötum í gær. Eftir að hafa valdið vonbrigðum í úrslitaleiknum á EM gegn Portúgal árið 2016 náði hann að svara gagnrýnisröddum í gær.

Lagði hann upp tvö mörk, eitt fyrir Paul Pogba en Mario Mandzukic skallaði fyrirgjöf Griezmann í eigið net í upphafi leiks.

Þá var hann iskaldur á vítapunktinum þegar á hann reyndi í fyrri hálfleik.

Þrátt fyrir að augu heimsins beinist að Mbappe eftir sýningu hans í útsláttarkeppninni gleymist ekki að Griezmann lagði upp fjögur og skoraði önnur þrjú í útsláttarkeppninni.



Stjarna hins 19 ára gamla Kylian Mbappe skein skært í Rússlandi aðeins 18 mánuðum eftir að hann skaust fram í sviðsljósið með Monaco. NORDICPHOTOS/GETTY

Modric valinn bestur á HM

FÓTBOLTI Króatíski miðjumaðurinn Luka Modric var valinn besti leikmaður HM í knattspyrnu sem lauk í Rússlandi í gær. Valið var tilkynnt eftir 2-4 tap Króata gegn Frakklandi í úrslitaleiknum. Eden Hazard og Antoine Griezmann voru næstir í kosningunni.

Modric var einn besti leikmaður Króata sem komst óvænt í úrslitaleikinn í fyrsta sinn en þurfti að horfa á eftir titlinum til Frakkanna. Er þetta í fimmta sinn í síðustu sex keppnum sem leikmaður silfurliðsins er kosinn bestur.

Á sama tíma var tilkynnt að Kylian Mbappe, ungstirni Frakklands, hefði verið valinn besti ungi leikmaður mótsins. Fetar hann með því í fótspor liðsfélaga síns, Paul Pogba, sem hlaut þessi verðlaun árið 2014.

Harry Kane tók gullskóinn með sex mörk en jafnir í öðru sæti voru þeir Mbappe, Antoine Griezmann og Romelu Lukaku. Fær Griezmann silfur- og Lukaku bronsskóinn.

Að lokum fékk Thibaut Courtois útnefninguna markmaður mótsins og Spánverjar fengu háttvísiverðlaun FIFA. – kpt

Ólafía í 56. sæti

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir komst aldrei á flug á lokahringnum á Marathon Classic-mótinu á LPGA-mótaröðinni í gær og lék á fjórum höggum yfir pari. Þýddi það að hún lauk leik á mótinu á pari en hún lék síðustu 27 holurnar á sex höggum yfir pari.

Náði Ólafía um tíma 12. sæti á þriðja hringnum áður en henni fór að fatast flugið. Var hún í 39. sæti fyrir lokahringinn en fjórir skollar þýddu að hún endaði í 56. sæti ásamt sex öðrum kylfingum.

Fær Ólafía verðskuldaða hvíld í vikunni eftir fimm vikna törn á LPGA-mótaröðinni en næstu tvö mót eru á Bretlandseyjum, Opna skoska- og Opna breska meistaramótið. – kpt

Gullkynslóðin er rétt að byrja

Franska landsliðið vann annan heimsmeistaratitil sinn í gær með sigri á Króatíu. Búast má við að þeir tefli fram sambærilegu liði á næsta HM í Katar 2022.

